

# Tillögur til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillögur hafa verið myndaðar vegna vinnutímastyttingar starfsmanna fjölskyldusviðs sem starfa í Ráðhúsinu og í Landsbankanum. Sú tillaga sem hlýtur meirihluta atkvæða í þessari atkvæðagreiðslu mun taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá 18.12.-22.12.2020

## Tillaga #1.

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og báðir kaffitímar seldir. Hádegihlé með óbreyttu sniði. Samtals stytting uppá 4 klst á viku.

### Útfærsla styttingar:

Starfsmenn vinna alla daga vikunnar frá 8:00 – 16:00 og taka 30 mín í hádegishlé. Starfsmenn fá 1,5 klst á viku í persónulegan sveigjanleika sem er heimilt að ráðstafa að eigin vild en þó með því skylirði að hvorki verði röskun á starfsemi eða þjónustu. Virkur vinnutími verður 36 klst á viku.

### Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof:

Þar sem kaffitímar eru felldir niður verða neysluhlé hluti af vinnutímanum og ekki á forræði starfsmanna.

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

## Tillaga #2.

Innleidd verður 13 mín vinnutímastytting og seinni kaffitíminn seldur. Hádegihlé með óbreyttu sniði. Samtals stytting uppá 2,75 klst á viku.

### Útfærsla styttingar:

Starfsmenn vinna frá 08:00 – 16:10 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur vinnudeginum 15:05. Starfsmenn taka 15 mín kaffitíma fyrir hádegi og 30 mín hádegismat. Seinni kaffitíminn (20 mín) verður felldur niður.

### Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof:

Starfsmenn eiga rétt á að taka 15 mín kaffitíma fyrir hádegi. Kaffitíminn eftir hádegi er felldur niður.

Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

## Breytingar á vinnuskipulagi:


Starfsmenn munu leggja sitt af mörkum við að lágmarka aukið álag á vinnustaðnum vegna vinnutímastyttingarinnar með því lágmarka fjarveru sína á vinnutíma vegna einkaerinda.

## Endurskoðun:

Tillaga þessi verður endurskoðuð að þremur mánuðum liðnum, eða eigi seinna en 01.04.2021.

# Niðurstaða kosningar

Svarhlutfall: 87%



Mean : 1.148 | Confidence Interval @ 95% : [1.012 - 1.285] | Standard Deviation : 0.362 | Standard Error : 0.070



OneCRM		
Viðskiptavinur:	Sveitarfélagið Árborg	Höfundur: Signý Harpa Hjartardóttir
Málsheiti:	Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg	Málsnúmer: <a href="#">2012144</a>